



SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

*Jöfnunarsjóður sveitarfélaga*

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 bréfasími: 552 7382  
postur@srn.is srn.is

Dalabyggð  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík 17. nóvember 2021  
Tilv.: SRN21100019/7.13.5

Efni: Umsókn um framlag vegna tilraunaverkefnis um skólaakstur leikskólabarna

Vísað er til erindis Dalabyggðar, dags. 5. október 2021, þar sem sótt er um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna tilraunaverkefnis um skólaakstur leikskólabarna í Dalabyggð.

Erindið var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5. nóvember 2021. Framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli eru veitt á grundvelli 14. gr. reglugerðar 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Útreikningur þeirra byggir á upplýsingum um akstursleiðir úr dreifbýli og fjölda grunnskólabarna á hverri leið sem eiga heimili lengra en 3,0 km frá skóla miðað við 1. október ár hvert. Ekki eru fordæmi fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti framlög vegna skólaaksturs leikskólabarna. Var það mat nefndarinnar að ef veita ætti framlög vegna aksturs leikskólabarna úr dreifbýli þyrfti að endurskoða þær reglur sem framlögin grundvallast á. Nú er að störfum starfshópur um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Verður erindi um skólaakstur leikskólabarna beint til starfshópsins.

Að lokinni umfjöllun ákvað ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs að hafna erindi Dalabyggðar um framlag vegna tilraunaverkefnis um skólaakstur leikskólabarna með vísan til ofangreinds.

Fyrir hönd ráðherra

  
Guðni Geir Einarsson

  
Óskar Helgi Þorleifsson